

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2003 þriðjudaginn 19. ágúst kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 16. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. G. Kristinn Bjarnason, Snægili 18, Akureyri, sækir um fyrir hönd eiganda að rífa fjós og hlöðu, sem byggð eru úr R-steinum og asbest á þaki, á lögbylinu Jarlsstaðir, Grýtubakkahrepp. *Byggingarnefnd samþykkir að umrædd hús verði rifin, en eigandi skal tilkynna til vinnueftirlits þegar niðurrif á asbesti á að hefjast og hagi allri vinnu og förgun þess í samræmi við reglur vinnu- og heilbrigðiseftirlits.*

2. Erindi frá Félagsbúinu Höfða II, Grýtubakkahrepp, þar sem sótt er um að endurbyggja hesthúst og nýta það síðan fyrir sauðfé, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti frá Opus ehf. *Erindi samþykkt.*

3. Tekið fyrir að nýju erindi frá 14. fundi byggingarnefndar, þar sem Leifur Jónsson, Hörg, Svalbarðsstrandahreppi, sækir um að byggja tvo kvisti á íbúðarshúsi Hörg, Svalbarðseyri. Teikningar hafa verið sendar til grendarkynningar og er umsagnarfresti lokið, þar sem engar athugasemdir bárust. *Erindi samþykkt.*

4. Benjamín Baldursson, Ytri-Tjörnum 2, Eyjafjarðarsveit, sækir um að breyta fjósi og hlöðu í legubásafjós, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum frá Landstólpa ehf. Umræddar byggingar voru byggðar árið 1972 og eru í fullri notkun í dag, en aðal byggingarefni er steinsteypa. *Erindi frestað þar sem lýsingu á brunavörnum og byggingarlýsing er ábótavant.*

5. Umsókn frá Matthíasi Frímannssyni, Hafnarstræti 23, 600 Akureyri, sem sækir um að byggja frístundahús úr timburbjálkum á sumarhúsalóð sinni nr. 7 úr landi Leifsstaða, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá ABS Teiknistofu. *Erindi samþykkt.*

6. Umsókn frá Þverá Golf ehf, Þverá, Eyjafjarðarsveit, sem sækir um að byggja golfskála úr timbri við vallaraðstöðu sína í landi Þverár, samkvæmt uppdráttum eftir Jónas Vigfússon. Með umsókn fylgir staðfesting frá sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar um framkvæmdaleyfi og einnig umsögn frá Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti. *Erindi samþykkt.*

7. Fallorka ehf, Logafold 59, 112 Reykjavík, sækir um að byggja stöðvarhús við Djúpadalsá, í landi Rauðhúsa Eyjafjarðarsveit, í tengslum við virkjunarframkvæmdir fyrirtækisins, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Hönnun hf. Byggingarfulltrúi hefur mótttekið frá sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar, framkvæmdaleyfi fyrir virkjunina ásamt tilheyrandi fylgiskjöl. *Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en bendir á að húsbýggjandi leitist við að láta bygginguna falla sem best inn í nánasta umhverfi.*

8. Umsókn frá Árna Hermannssyni, Melateig 5, 600 Akureyri, sem sækir um að flytja nýbyggt sumarhús lóð sína í landi Ytri-Bægisá (Hamars). Uppdrættir eru frá HSÁ Teiknistofu, en húsið var byggð hjá Trésmiðjaverkstæði Þorgilsar Jóhannessonar, Svalbarðseyri. Með erindinu fylgir staðfesting Sveitastjórnar Hörgárbyggðar um að heimilt er að byggja frístundahús á lóðinni.

Erindi samþykkt.

9. Þórður Gunnar Sigurjónsson, Sólvöllu 7, 600 Akureyri, sækir um að setja niður geymsluskúr á sumarhúsalóð nr. 9 við götu D, í skipulögðu sumarhúsasvæði í landi Steðja Hörgárbyggð. Með umsókn fylgir lóðarblað er sýnir ca. staðsetningu skúrs á lóð ásamt ljósmynd og riss af skúrnum.

Erindi samþykkt.

10. Umsókn frá Lilju Sigurðardóttir, Klettahlíð 14, 810 Hveragerði, sem sækir um að reisa finnskt bjálkahús á sumarhúsalóð nr. 14 við Austurveg, Hrísey, samkvæmt uppdráttum eftir Björgvin Víglundsson.

Með erindinu fylgir einnig lóðarleigusamningur, uppdráttur af friðuðu húsi á sömu lóð og umsögn frá Magnúsi Skúlasyni fh. Húsfriðunarnefndar Ríkisins.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en bendir jafnframt á að skila skal inn teikningum af fyrirhugaðri tengibyggingu við eldra hús. Hönnun tengibyggingar og útfærslur skulu fá samþykki frá Húsafriðunarnefnd Ríkisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. . 15,30

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson

Hermann G. Jónsson
Pröstur Sigurðsson